



## REGLUR FYRIR STYRKI TIL VIÐHALDS FASTEIGNA Á AKRANESI

---

### 1. gr.

Stofnaður hefur verið sjóður er veitir styrki til viðhalds fasteigna á Akranesi. Hlutverk sjóðsins er að veita styrk til endurgerða eða viðgerða á ytra byrði húsnæðis eða öðrum mannvirkjum á Akranesi til að bæta ásýnd ákveðinna svæða í umdæmi Akraneskaupstaðar.

### 2. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ákveðið í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs ár hvert og skal því varið í samræmi við tilgang sjóðsins. Skipulags- og umhverfisráð metur til hvaða húseigna (svæða) styrkir sjóðsins skulu ná og gerir tillögur til bæjarráðs um styrkveitingar.

### 3. gr.

Skipulags- og umhverfisráð skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrkveitingar úr sjóðnum eigi síðar en 1. mars ár hvert. Í auglýsingu skal taka fram hver eru almenn skilyrði styrkveitinga, umsóknarfrestur og hvaða upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Styrkumsóknir, ásamt gögnum, skulu berast skipulags- og umhverfisráði innan umsóknarfrests og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera einn mánuður.

Skipulags- og umhverfisráð skal að jafnaði gera tillögur til bæjarráðs um styrkveitingar eigi síðar en mánuði frá því að umsóknarfrestur rann út. Ákvörðun um styrkþega skal taka fyrir 1. maí ár hvert.

### 4. gr.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar verklýsingar og teikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum. Skipulags- og umhverfisráð getur kallað eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir að mati ráðsins. Hámarksstyrkur getur numið allt að helmingi sannanlegs kostnaðar hvernar framkvæmdar.



## Akraneskaupstaður

### 5. gr.

Styrkur skal að jafnaði ekki greiddur út nema lokið hafi verið við framkvæmdir sem nemur a.m.k. tveimur þriðja hluta þeirra framkvæmda sem styrkbeiðnin er um. Styrkur skal síðan greiddur eftir verkframvindu. Skipulags- og umhverfissráð getur sett sérstök skilyrði varðandi einstakar styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að nefndin áskilji sér rétt til að fela embætti skipulags- og byggingafulltrúa eða öðrum er ráðið tilnefnir, eftirlit með þeim framkvæmdum sem styrktar eru af sjóðnum og að framkvæmdum sé lokið innan tiltekinna tímamarka.

### 6. gr.

Reglur þessar voru staðfestar af bæjarstjórn Akraness þann 24. febrúar 2015 og taka þegar gildi.

Samþykktar í bæjarráði Akraness 12. febrúar 2015.

Samþykktar í bæjarstjórn Akraness 24. febrúar 2015.

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri